

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

48. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2017, fimmtudaginn 14. des. kl.17:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 17:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Stephen Midglet, framkvæmdastjóri Melrakkasetursins, kom í upphafi fundarins til ræða um framtíð Melrakkasetursins og möguleika á uppbyggingu húsakostsins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 13. des.
2. Íbúáþing í Súðavíkurhreppi – niðurstöður kynntar.
3. MAST: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um ræktunarleyfi til skeldýraræktunar.
4. Byggingarfélag Súðavíkur.
5. Móttaka kvótaflóttamanna á Vestfjörðum.
6. Úthlutaður byggðakvóti fiskveiðiárið 2018 – 2019.
7. Vestfjarðastofa.
8. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 17. nóv.
9. Fundargerð Hafnarsambands Íslands nr. 399 frá 1. des.
10. Fundarferð Sambands ísl. Sveitarfélaga nr 854. frá 24. nóv.
11. Fundargerð nr.115 Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá 8. des.
12. Gjaldskrá og álagning ársins 2018 – seinni umræða.
13. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2018 seinni umræða.
14. Þriggja ára áætlun Súðavíkurhrepps og stofnanna.

1. Fundargerðin lögð fram og samþykkt.
2. Sveitarstjóri fer yfir helstu niðurstöður íbúáþingsins. Greinargerðin verður sett inn á heimasíðuna. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með þingið og framkvæmdina, sem var höndum Sigurborgar Kr. Hannesdóttir. Afurð þingsins verður notuð sem leiðaljós fyrir sveitarstjórn á komandi tímum.
3. Vísað til umhverfis og samgöngunefndar.
4. Minnisblað sveitarstjóra lagt fram. Unnið hefur verið að slitum félagsins. Ákveðið að aðalfundur félagsins verði 22. jan 2018. Þar verður borin upp tillaga um að slíta félaginu. Ljóst er að félagið hefur verið óvirkt um langan tíma, allt frá 2004 og löngu komin tími til að slíta félaginu.

Félagið hefur verið byrði fyrir þá sem skráðir eru forsvarsmenn og ljóst að sá dráttur sem hefur verið á slitum félagsins hefur verið þeim til ógagns og óánægju.

Lögð eru fram gögn frá Ágústi Kr. Björnsyni, fyrrum sveitarstjóra og skráðum forsvarsmanni félagsins.

Sveitarstjórn mun taka málið að nýju fyrir þegar félaginu hefur verið formlega slitið.

5. Sveitarstjóri fer yfir málið. Lögð fram tvö minnisblöð, frá félagsmálastjóra. Súðavíkurreppur ákvaða að sækja um móttöku á kvótaflóttamönnum árið 2015.

Í kjölfarið fylgdu Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður og ákveðið var að standa saman að móttökunni.

Nú hafa stjórnvöld óskað eftir, með vísan í samþykktina frá 2015, að sveitarfélögin við Djúp taki á móti hóp.

Helsta áskorunin er að finna húsnæði. Áætlað að er að reyna koma húsnæðismálum á hreint fyrir lok næstu viku, 18. des – 22. des.

Fjármagn fylgir verkefninu, eins og gert er grein fyrir í minnisblaði.

Félagsmálanefnd mun hittast á nýju ári til að fara málið með Rauða Krossinum, sem verður mikilvægur samstarfsaðili sveitarfélaga í verkefninu.

6. Úthlutaður byggðakvóti til Súðavíkurrepps fyrir fiskveiðiárið 2017 – 2018 er 150 tonn. Málinu vísað til atvinnunefndar til umræðu vegna sérreglna við úthlutun sveitarfélagsins.
7. Sveitarstjóri kynnir stuttlega stofnfundinn sem fór fram 1. des.
8. Lagt fram.
9. Lagt fram.
10. Lagt fram.
11. Lagt fram.
12. Framlögð álagning og gjaldskrá fyrir árið 2018 samþykkt samhljóða.

Gjaldskrá sveitarfélagsins ber verðlagshækkun sem nemur 2,7 % - miðað við þjóðhagsspá.

Útsvar í Súðavíkurreppi mun hækka úr 14,48% í 14,52% samkvæmt samþykkttri álagningu.

Árið 2011 tóku íslensk sveitarfélög við málefnum fatlaðra frá ríkinu. Við þann yfirflutning var hámarksútsvar hækkað úr 14,48% í 14,52% til að fjármagna aukin útgjöld sveitarfélaga vegna málaflokksins.

Þessi hækkun var hins ekki framkvæmd af sveitarstjórn Súðavíkurrepps, fyrr en nú.

Þá eru breytingar framundan hjá jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem kynntar voru á síðustu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, þar sem sveitarfélög sem ekki eru með hámarks útsvar munu verða fyrir skerðingu á framlögum sjóðsins næstkomandi árum. Með hliðsjón af hlutfalli

jöfnunarsjóðs af heildartekjum sveitarfélagsins er því nauðsynlegt að hækka útsvar í Súðavíkurbreytti í 14,52%.

13. Fjárhagsáætlun Súðavíkurbreytts og undirstofnanna fyrir árið 2018.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur A og B hluta verði 310 milljónir.

Heildarútgjöld verði 254 milljónir.

Afskriftir verða 12,9 millj.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verður 43 milljónir.

Rekstrarniðurstaða verður því jákvæð, eftir fjármagnsliði, um 39 milljónir.

Hækkun á handbæru fé verður 18,1 milljón.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins verður 29% í samtæðunni allri.

Áætlað að framkvæma fyrir 12 milljónir á árinu. Fjármagnað af eigin fé.

Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 21:39**

**Steinn Ingi Kjartansson  
oddviti**

**Valgeir Scott**

**Guðbjörg Bergmundsdóttir**

**Halldóra Pétursdóttir**

**Pétur G. Markan, sveitarstjóri**

